



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
150 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími:545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 6. október 2016
Tilv.: UMH16090092/


Í bréfi umhverfis- og samgöngunefndar til umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 28. september sl. er óskað eftir að ráðuneytið gefi álit sitt á áhrifum boðaðra breytinga á náttúruverndarlögum nr. 60/2013 í frumvarpi til laga um heimild til handa Landsneti hf. til að reisa og reka 220 kV raflínur frá Kröflustöð að Þeistareykjavirkjun og að iðnaðarsvæðinu á Bakka í Norðurþingi (þingmál 867). Einnig er óskað eftir því að ráðuneytið fjalli um hvort frumvarpið, verði það að lögum, fari í bága við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum og Árósasamningnum.

Vegna framangreindrar beiðni bendir ráðuneytið á að ríkisstjórn Íslands samþykkti þann 21. september sl. framlagningu framangreinds stjórnarfrumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Frumvarp þetta hefur verið til umfjöllunar í atvinnuveganefnd Alþingis. Við samningu frumvarpsins var af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis aflað lögfræðiálits LOGOS lögmannaþjónustu, dags. 20. september sl., sem er meðfylgjandi frumvarpinu og fylgdi það álit frumvarpinu þegar það var afgreitt í ríkisstjórn. Í lögfræðiálitinu segir að telja verði líklegast að samningsaðilar Árósasamningsins, þ.m.t. íslenska ríkið, geti tekið ákvörðun líka þeirri sem fyrirhuguð sé með frumvarpinu án þess að það brjóti gegn skyldum þess samkvæmt samningum. Tekið er þó fram að sú niðurstaða sé háð nokkurri óvissu. Þá er talið ólíklegt að lögfesting frumvarpsins feli í sér brot á skyldum Íslands skv. EES-samningnum.

Að auki hefur það ekki verið venjan við meðferð stjórnarfrumvarpa á Alþingi að ráðuneyti gefi þingnefnd álit um frumvarp annars ráðuneytis þar sem skoðanaskipti milli ráðuneyta um frumvörp ríkisstjórnar eiga að meginsteftu að vera um garð gengin þegar frumvarp er lagt fram á Alþingi sem stjórnarfrumvarp, sbr. reglur nr. 11/2013 um starfshætti ríkisstjórnar.

Í ljósi þess sem að framan greinir verður að telja að ekki séu forsendur fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið að leggja fram annað lögfræðilít vegna stjórnarfrumvarps iðnaðar- og viðskiptaáðherra. Ráðuneytið vísar að öðru leyti til þess sem fram kom á fundi umhverfis- og samgöngunefndar í ágúst sl., sem ráðuneytið var boðað til vegna máls þessa sem og þess sem fram kom á fundi með atvinnuveganefnd þann 28. september vegna umrædds frumvarps, en umhverfis- og samgöngunefnd sat einnig þann fund.

Fyrir hönd ráðherra


Steinunn Fjóra Sigurðardóttir


Íris Bjargmundsdóttir